

**13. fundur skólanefndar haldinn að Hlíðavegi 6,
16. febrúar 2017 og hófst hann kl. 14:00**

Fundinn sátu:

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir Formaður, Arnar Halldórsson aðalmaður, Þuríður Pétursdóttir aðalmaður, Einar Jónsson aðalmaður, Arnfríður Anna Jónsdóttir varamaður, Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara, Hulda Björk Marteinsdóttir fulltrúi foreldrafélags og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Onesystem: Kynning á málakerfi - 1701006

Sveitarstjóri kynnti nýtt málakerfi sveitarfélagsins fyrir nefndarfólki.

2. Reykjahlíðarskóli: Frístundastarf - 1702012

Skólastjóri og sveitarstjóri kynntu tillögur að frístundaheimili í Reykjahlíðarskóla í samræmi við breytingar á lögum um grunnskóla. Þar segir m.a.:

"Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins. Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi."

Þá kemur fram í lögum að ráðuneytið mun að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gefa út viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Sveitarfélögum er jafnframt heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega.

Samkvæmt tillögunni sem liggur fyrir yrðu skipulag frístundastarfsins með þeim hætti að öllum nemendum yrði boðið að vera í skólanum til kl. 15:10 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 12:50, hádegismatur meðtalinn.

Skólabílar keyra börnin, þar sem við á, í skólann á morgnana og heim kl. 15:10 og á föstudögum kl. 12:50. Ekki yrði boðið upp á aðrar ferðir. Að sjálfsögðu gætu foreldrar sótt börn sín fyrr þegar þeir vilja.

Í frístundastarfinu er ætlunin að verði metnaðarfullt starf í samræmi við viðmið um gæði starfsins, þ.e. hreyfing bæði úti og inni, ýmis konar listsköpun, spil og leikir.

Þessi þjónusta mun verða gjaldfrjálss og skólastjóri mun stýra verkefninu.

Starfsfólk á vegum grunnskólans heldur utan frístundastarfið, m.a. í samstarfi við Mývetning. Skrá þarf börnin í frístundastarfið til þess að geta skipulagt starfsmannahald. Um þróunarverkefni er að ræða sem endurskoðað yrði reglulega.

Samþykkt samhljóða að senda fyrirbyggjandi tillögu til umsagnar hjá foreldrum/forráðamönnum nemenda í 1.-6. bekk.

3. Reykjahlíðarskóli: Tónlistarkennsla - 1702013

Í fyrrasumar var gerður samningur við Tónlistarskóla Húsavíkur um

JKT
PL

tónlistarkennslu í Reykjahlíðarskóla og annarra nemenda með búsetu í Skútustaðahreppi. Endurskoða þarf samninginn fyrir lok apríl. Nefndin lýsir yfir ánægju með samstarfið.

Samþykkt að skólastjóri og sveitarstjóri ræði við skólastjóra Tónlistarskóla Húsavíkur um áframhaldandi samstarf.

Auður og Sólveig viku af fundi.

4. Leikurskólinn Ylur: Opnunartími - 1702014

Rætt um hvort breyta eigi opnunartíma leikskólans og bjóða upp á kaup á aukatíma í hvorn enda til að koma til móts við foreldra.

Að mati leikskólastjóra er ekki efirspurn eftir lengri opnunartíma á leikskólanum eins og sakir standa.

5. Leikskólinn Ylur: Starfsmannamál - 1702015

Anna Guðmundsdóttir hefur sagt upp störfum. Auglýst hefur verið eftir nýjum starfsmanni.

6. Leikskólinn: Óveðursáætlun - 1701012

Drög að óveðursáætlun leikskólans var lögð fyrir á síðasta fundi. Lagðar voru til smávægilegar breytingar sem leikskólastjóri hefur unnið að og leggur fyrir nefndina.

Óveðursáætlun leikskólans samþykkt samhljóða. Verður hún send á alla foreldra og birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

7. Leikskólinn Ylur: Dagur leikskólans - 1702017

Dagur leikskólans var haldin hátíðlegur í leikskólanum Yl þann 6. febrúar síðastliðinn. Börnin fengu saltstangir og djús í tilefni dagsins auk þess sem dansað var og sungið. Starfsfólk lagði aukna áherslu á að setja myndir og myndbönd á fésbókarsíðu leikskólans til að gera starfið sýnilegra foreldrum.

8. Menntamálastofnun - 1611016

Menntamálastofnun mun láta gera ytra mat á sex leikskólum árið 2017, sbr. lög nr. 90/2008 um leikskóla, gildandi reglugerðir um mat og eftirlit og þriggja ára áætlanir mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á þessu skólastigi. Skútustaðahreppur óskaði eftir því að vera þátttakandi með því að láta gera ytra mat á leikskólanum Yl en Menntamálastofnun gat ekki orðið við umsókninni að þessu sinni. Lögð verður inn ný umsókn að ári.

9. Leikskólalóð: Úttekt HNE - 1701011

Lögð fram úttekt HNE á nýrri leikskólagirðingu og lóð. Nokkrar athugasemdir voru gerðar en auk þess tillit tekið til þess að framkvæmdum á lóð er ekki að fullu lokið. Frestur til áætlunar á úrbótum var til 1. febrúar. Sveitarstjóri lagði fram tillögur að úrbótum á tilsettum tíma sem voru samþykktar af HNE.

10. Leikskólinn Ylur: Námskrárvinna - 1702016

Hafin er vinna við námskrá leikskólans með faglegri aðstoð frá miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Vinnan er á byrjunarstigi og fer vel af stað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:50



Þundur Pétusdóttir

Arnar Halldórsson

Linn Jónsson

Tráttbjörg Þóga Jónsd.

Hulda B. Marteinsd.

Stefn Gunn

